

21. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 24. september 2009 kl. 10:30. Mættir: Haraldur Benediktsson, Stefán Logi Haraldsson, Emma Eyþórsdóttir, Þórhallur Bjarnason, Ásmundur Einar Daðason, Lilja Jóhannesdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Forföll boða Orri Páll Jóhannsson og Jón Torfi Jónasson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 20. fundar lögð fram og samþykkt samhljóða.

2. kynning á nýjum ráðsmönnum. Orri Páll Jóhannsson hefur verið skipaður í háskólaráð af hálfu Menntamálaráðuneytis og kemur hann í stað Brynhildar Einarsdóttur. Jafnframt hefur Emma Eyþórsdóttir verið endurkjörin sem fulltrúi starfsmanna.

3. Þróun mála frá síðasta fundi.  
Skýrsla um fýsileika samruna HÍ og LbhÍ hefur verið tekin til umfjöllunar hjá háskólaráði HÍ. Ráðið ályktaði um að málið skyldi skoðað áfram og tekur jákvætt í málið. Nefnd um fýsileika hefur átt viðræður við forsvarsmenn Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum um hugsanlega aðkomu þeirrar stofnunar að samruna eða samstarfi.

4. Fjármál og rekstur. Lögð fram og skýrð samantekt um rekstur ársins 2010. Fram kom það sjónarmið að ekki komi til greina að skólinn láti búreksturinn frá sér í hendur óskyldra aðila þó ekki sé hægt að gera athugasemdir við að hann verði færður yfir í einkahlutafélag. Brýnt er að undirbyggja frekari aðgerðir til sparnaðar ef svo skyldi fara að óhjákvæmilegt verði að draga enn frekar saman seglin í rekstrinum á árinu 2011, t.d. með því að forgangsraða námsbrautum og verkefnum til framtíðar. Jafnframt er mikilvægt að dregin séu fram tækifæri og möguleikar í starfi skólans á komandi árum. Í umræðum kom einnig fram að hættur geti falist í því að rannsóknastarfið gefi eftir í samkeppni við kennsluna og að verið sé að ganga eins langt og hægt er í að spara án þess að leggja niður einstakar starfseiningar.

Eftirfarandi bókun borin undir atkvæði:

*“Háskólaráð hefur farið yfir vinnu vegna fjárhagsáætlunar 2010. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu er ljóst að grípa þarf til róttækra aðgerða til að draga saman í rekstri skólans. Háskólaráð samþykkir fyrir sitt leyti þær tillögur sem stjórnendur skólans hafa lagt fram og hyggjast grípa til.”* Samþykkt af meirihluta ráðsins, fulltrúi nemenda og fulltrúi starfsmanna sátu hjá.

5. Önnur mál. Rætt um sameiningu og fýsileikakönnun. Fram kom að afgerandi afstaða liggur ekki fyrir, hvorki hjá HÍ né af hálfu stjórnvalda.

Næsti fundur verður 5. nóvember kl. 10 30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.